

Lífsværk

Sýning á völdum handritum og skjölum Jóns Sigurðssonar
um einkahagi, vísindastörf og stjórnmálabátttöku
í tilefni af 200 ára fæðingarársmæli hans 2011



Að sýningunni standa Afmælisnefnd Jóns Sigurðssonar og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn með aðkomu Þjóðskjalasafns Íslands, Þjóðminjasafns Íslands, Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Skjalasafns Alþingis

Lífsværk

Jón Sigurðsson 1811-2011

Sýning í Þjóðarbókhöllu opnuð 20. apríl 2011

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn

Afmælisnefnd Jóns Sigurðssonar

Þjóðminjasafn Íslands

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Þjóðskjalasafn Íslands

Skjalasafn Alþingis

Ávarp mennta- og menningarmálaráðherra

„Öll framför mannkynsins er byggð á því, að halda við því sem einusinni er numið, og láta það ganga frá einum knérunni til annars; með því að ein kynslóð býr þannig undir fyrir aðra, verður því komið til leiðar að mannkyninu fer alltaf fram, þegar á allt er litið, þó oft hafi verið farið afvega, og stundum sýnizt heldur reka enn gánga.“ – segir í ritgerð Jóns Sigurðssonar „Um skóla á Íslandi“ en segja má að Jón hafi lagt áherslu á þrennt sem hann taldi lykilatriði fyrir sjálfstæði Íslands og var það löggjafarvaldið, verslunarfrelsið og skólastarf.

Í ritgerð sinni lagði Jón fram mótaðar hugmyndir um hvernig hann vildi sjá skólakerfið á Íslandi vaxa – hvers konar skólar ættu að vera hér og hvað þeir skyldu kenna. Jón rökstuddi mál sitt skýrt: Skólunum var ætlað, hverjum á sínu sviði, að stuðla að framförum samfélagsins og mæta þörfum á hverri tíð og taldi Jón að menn mættu ekki skirrast við þeim kostnaðarauka sem kljúfandi væri því engum peningum væri varið heppilegar en þeim sem keypt væri fyrir andleg og líkamleg framför sem mest mætti verða.

Þegar Jón Sigurðsson fæddist á Hrafnseyri við Arnarfjörð árið 1811 og ólst þar upp til 1829 bauðst honum ekki að ganga í skóla eins og nútímabörn gera. Jóni bauðst ekkert annað en að læra heima en á Hrafnseyri bjó hins vegar fólk sem þekkt var fyrir lærdómsþekkingu og fróðleiksáhuga og áttu í fórum sínum gömul handrit og lærdómsrit. Þetta umhverfi hefur án nokkurs vafa kveikt áhuga Jóns á íslenskum fræðum sem fylgdi honum alla ævi og mótaði í senn fræðimanninn Jón og stjórnámamanninn Jón sem ávallt byggði baráttu sína á þekkingu og rökum.

Þannig stundaði Jón fræðistörf alla ævi samhliða sínu stjórnmalastarfi sem endurspeglast í áhuga hans á skólamálum og skilningi hans á menntun sem einum af hornsteinum sjálfstæðisins. Þessa sögu má sjá í *Lífsverki* Jóns Sigurðssonar – þeirri sýningu sem hér er sett upp og sýnir gríðarlegt ævistarf Jóns sem nú er komið á aðgengilegt stafrænt form fyrir alla Íslendinga. Við eigum Jóni mikið að þakka og Lífsverkið veitir okkur enn betri skilning á því starfi sem hann vann íslensku samfélagi og þjóð.

Katrín Jakobsdóttir





Ávarp formanns Afmælisnefndar Jóns Sigurðssonar

Vorið 2007 fól Alþingi Geir H. Haarde forsætisráðherra að skipa nefnd til að undirbúa hvernig minnst eigi þess að 17. júní 2011 verða liðin 200 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar forseta. Nefndin var skipuð þann 17. júní 2007 og er sú sem þessi orð skrifar formaður nefndarinnar en auk mín skipa hana fulltrúar stjórnmálaflokka sem eiga sæti á Alþingi, fulltrúi Alþingis og fulltrúi Hrafnseyrarnefndar.

Nefndin kallaði eftir hugmyndum einstaklinga, samtaka og stofnana og hitti marga að máli og smám saman varð til listi fjölbreyttra hugmynda sem allar hefðu mátt fá framgang. En aðstæður breyttust í þjóðfélaginu eins og öllum er ljóst og afmælisnefndin hefur eins og aðrir orðið að rífa seglin og velja þau verkefni sem henni þótti mest um vert að kæmu til framkvæmda.

Það fór hins vegar aldrei á milli mála að metnaðarfyllstu verkefni afmælisársins yrðu endurreisn Hrafnseyrar með nýrri sýningu og verulega bættu aðgengi gesta og samstarfsverkefnið *Lífsværk* sem er unnið af sérstökum hópi sérfræðinga frá Þjóðskjalasafni Íslands, Þjóðminjasafni Íslands, Skjalasafni Alþingis og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum undir öruggri leiðsögn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Þessi tvö verkefni setja mestan svip á afmælisárið.

Sýningin *Lífsværk* felur í sér viðamikla heildarskrá yfir öll ritverk og útgáfuverk Jóns Sigurðssonar sem kunnugt er um, stafræna endurgerð rúmlega 100 þúsund blaðsíðna af rit- og prentgögnum sem honum tengjast og verða gerð öllum aðgengileg á netinu, og loks þessa vönduðu sýningu á handritum, bréfum og skjölum sem spanna lífshlaup Jóns Sigurðssonar, vísindastörf og stjórnmálapátttöku. Afmælisnefndin þakkar starfsmönnum safnanna fyrir mikla vinnu og gott verk. Á engan mun hallað þótt Örn Hrafnkelsson, sviðsstjóri í Landsbókasafni, sé nefndur sérstaklega hér.

Lífsværk er viðamikið verkefni sem mun gagnast jafnt fræðasamfélaginu og almenningi um langan tíma og það eru þannig verkefni sem ber að vinna að á tímamótum sem þessum. Afmælisnefndin vonar að þessi glæsilega sýning og þeir viðburðir sem hún gengst fyrir muni breyta hugmyndum þjóðarinnar um Jón Sigurðsson á þann hátt að hún kynnist honum betur og komist nær honum en áður.

Í janúar var opnuð í Þjóðmenningarhúsinu sýningin *Óskabarn – æskan og Jón Sigurðsson* sem er einkum ætluð börnum og unglingum. Í febrúar var efnt til ritgerðasamkeppni meðal nemenda í 8. bekk grunnskóla í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið þar sem nemandur skrifuðu Jóni Sigurðssyni sendibréf, og í mars efndi Myntsafn Seðlabanka og Þjóðminjasafns til sýningar á seðlum, mynt, frímerkjum og annarri opinberri útgáfu með mynd Jóns Sigurðssonar.

Háskóli Íslands efnir til málþings 27. maí í tilefni af 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar og 100 ára afmæli Háskólans þar sem rætt verður um Þjóðhetjur og þjóðríki. Fyrirlesarar munu varpa fram spurningum eins og: „Hvers virði eru hetjur?“ og „Þurfa þjóðir á hetjum að halda?“ Ekki skal reynt að svara þessum spurningum hér, en umræðan verður án efa forvitnileg.

Mikið verður um að vera í júní. Fyrstu helgina verða opnaðar sýningar byggðar á kveri Jóns Sigurðssonar Lítil fiskibók í sjóminjasöfnunum í Reykjavík og á Ísafirði, og Þjóðminjasafnið opnar breytta og aukna sýningu um Jón Sigurðsson með nýju margmiðlunarefni sem afmælisnefndin hefur látið útbúa.

Mest verður þó um að vera á Hrafnseyri á sjálfan þjóðhátíðardaginn þegar Safn Jóns Sigurðssonar verður opnað á ný með nýrri og glæsilegri sýningu í mikið endurbættum húsakynnum. Við leyfum okkur að tala um endurreisn Hrafnseyrar, slík verður breytingin á allri aðstöðu til að taka á móti gestum á fæðingarstað Jóns Sigurðssonar.

Leikararnir Arnar Jónsson og Hilmar Guðjónsson flytja nýjan samtalsþátt um Jón Sigurðsson eftir Svein Einarsson í Winnipeg á þjóðhátíðardaginn og á fleiri stöðum á Íslendingaslóðum í Vesturheimi um þjóðhátíðarhelgina.

Laugardaginn 18. júní verða opnaðar tvær sýningar í Menntaskólanum í Reykjavík; Alþingi í sal Lærða skólans og Jón Sigurðsson og Reykjavík í samvinnu við Reykjavíkurborg, og sunnudaginn 19. júní verður athöfn í Jónshúsi í Kaupmannahöfn. Við það tækifæri mun afmælisnefndin færa Jónshúsi vandað margmiðlunarefni og kynna nýjan bækling Guðjóns Friðriks-sonar; Gengið um slóðir Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn.

Alþingi Íslendinga mun síðan minnast afmælis Jóns Sigurðssonar með viðeigandi hætti.

Fleiri viðburðir, m.a. sérstök bókaútgáfa, eru ráðgerðir á árinu sem lýkur væntanlega með málþingi um vísindastörf Jóns Sigurðssonar á dánardegi hans 7. desember.

En hvers vegna viljum við halda svo veglega afmælishátíð árið 2011? Það er vegna þess að Jón Sigurðsson og barátta hans er táknrænn og órjúfanlegur hluti af sögu og sjálfstæði Íslendinga. Við eigum honum svo mikið að þakka, þessi þjóð sem lifði af hungur og náttúruhamfarir í gegnum aldirnar. Þessi þjóð sem var orðin kúguð og framtakslaus og bjó í lágreistum torfbæjum í landi sem stjórnað var af hálfðönskum embættismönnum. Jón Sigurðsson kveikti hjá okkur vonina, hann kom með frelsisandann inn í íslenskt þjóðlíf. Hann færði okkur heim sannindin um það að við Íslendingar gætum staðið á eigin fótum, virt manngildi og réttindi einstaklingsins í stéttlausu samfélagi.

Jón Sigurðsson var alla ævi að berjast fyrir bættum hag þjóðarinnar. Þessi barátta hélt áfram eftir að hann féll frá og aðrir tóku við kyndlinum. Íslensk þjóð sem var ein sú fátækasta í Evrópu við lok seinni heimsstyrjaldar er í dag í fremstu röð meðal þjóða heims hvað snertir lýðræði og mannréttindi. Við Íslendingar erum ekki einungis svo nátengd okkar landi að eftir er tekið heldur erum við einstaklega stolt af því sem við höfum afrekað í gegnum tíðina. Þess vegna höldum við nafni Jóns Sigurðssonar hátt á lofti og þess vegna munum við halda veglega upp á 200 ára afmæli hans.

Sólveig Pétursdóttir



Ávarp landsbókavardar

Það er vel við hæfi að sýning um Jón Sigurðsson forseta sé opnuð hér í Þjóðarbókhöð, húsi Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Hér er varðveitt handritasafn Jóns ásamt bókum hans, bréfum og skjölum en einnig handrit og bréf lærimeistara hans, vina og fjölskyldu.

Jón var mikill velgjörðamaður Landsbókasafns, sem var stofnað 1818, og gerði sér skýra grein fyrir mikilvægi bókasafna fyrir velferð þjóðarinnar. Í grein í *Nýjum félagsritum* árið 1844 kemst hann svo að orði:

„Allir mentaðir menn og bókavinir finna það ... hversu ómetanlegt gagn er að bókasöfnum. Enginn einstakur maður hefir efni á að útvega sér allar þær bækur sem hann þarf með ... og þó fáeinir gæti það, þá er samt auðsætt, hversu miklu nytsamara er og jafnvel sparnaðarmeira, að hafa bókasafn, sem margir geta haft not af.“

Í þessari sömu grein segir Jón ennfremur:

„Engin þjóð er nú til í veröldinni, sem siðuð vill heita, að hún leggi ekki stund á að eiga góð bókasöfn, og enar bezt mentuðu þjóðir verja ærna peningum úr almennum sjóði til að auka og prýða söfn þessi sem mest, og kaupa til þeirra það sem ekki fæst með öðru móti.“

Jón lagði sitt af mörkum og sendi og gaf bækur til Landsbókasafns í svo miklum mæli að Jón Árnason bókavörður sagði eitt sinn að Jón Sigurðsson væri einhver staðfastasti velgjörðamaður safnsins.

Jón varði starfsævi sinni að miklu leyti á skjala-, bóka- og handritasöfnum við rannsóknir, fornrita-útgáfur og heimildautgáfur. Fræðimenn samtímans eiga elju hans mikið að þakka, enda eru nútíma-rannsóknir á sögu þjóðarinnar að miklu leyti byggðar á lífsverki hans, sem hér er til sýnis.

Í desember 2009 var skrifað undir verksamning milli Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og forsætisráðuneytisins um gerð skráa yfir verk Jóns Sigurðssonar og skönnun á gögnum hans. Í mars 2010 var svo gerður samningur milli þessara aðila um að safnið myndi standa að stórri sýningu á handritum, bréfum og skjölum Jóns Sigurðssonar undir yfirskriftinni *Lífsverk*. Afrakstur þessa verkefnis er þessi glæsilega sýning sem opnuð er hér í dag og einnig rafrænn aðgangur þar sem eru nú þegar komnar yfir 80.000 myndir af handritum, skjölum og prentefni sem Jón vann að, þar á meðal grundvallarverkin *Lovsamling for Island* og *Íslenskt fornbréfasafn*. Fleiri myndir munu svo bætast við á afmælisárinu. Efnið er aðgengilegt á vefnum jonsigurds-son.is og ennfremur á vefjum safnsins s.s. bækur.is, timarit.is og handrit.is.

Hér innanhúss hefur fjöldi manns komið að þessu stóra verkefni með einum eða öðrum hætti, en meginþunginn hefur verið á starfsfólki handritasafns. Ég vil nota tækifærið og þakka öllum starfsmönnum fyrir þeirra aðkomu að þessari sýningu.

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir

Um verkefnið *Lífsverk*

Vinnan við verkefnið *Lífsverk* hófst fyrir tæpum tveimur árum. Í því fólst að setja upp sýningu á lífsverki Jóns Sigurðssonar forseta byggða á þeim skjölum, bréfum og handritum hans sem varðveitt eru á íslenskum söfnum. Jafnframt var unnið að skráningu og skönnun á handritum og prentuðu efni Jóns, en þar á meðal eru óbirtar ritgerðir hans, aðdrættir að heimildaútgáfum og margt fleira sem er nú öllum aðgengilegt á netinu.

Til að vinna að þessu verkefni þurfti að taka saman skrár yfir ritverk Jóns, bréf, skjöl og handrit. Þetta krafðist töluverðrar rannsóknarvinnu, enda er lífsverk hans afar umfangsmikið. Þannig má nefna að ritaskráin fyllir tæpar 50 blaðsíður og bréfasafn hans telur yfir 8.000 bréf. Það er ánægjulegt að segja frá því að við þessa vinnu hafa fjölmörg bréf komið í leitirnar sem leyndust á milli hinna ýmsu skjala og ekki hafa verið skráð áður. Með þessu verkefni opnast enn frekari möguleikar á rannsóknum á lífsverki Jóns Sigurðssonar, nú þegar gögn hans og skrár hafa verið gerð öllum aðgengileg á netinu.

Handritasafn Jóns Sigurðssonar var keypt til Landsbókasafns árið 1877, en bréf Jóns eru bæði varðveitt á Landsbókasafni og á Þjóðskjalasafni. Þá eru einnig fjölmörg handrit og munir sem tengjast ævi Jóns á Árnastofnun, Þjóðminjasafni og í Skjalasafni Alþingis. Það er gleðilegt að fá núna tækifæri til að sýna þau fjölmörgu handrit, skjöl, bækur og bréf sem tengjast ævi Jóns Sigurðssonar með einum eða öðrum hætti, og er það von okkar að sem flestir geti skoðað þessa muni á sýningunni, sem alla jafna koma ekki fyrir almennings sjónir.


Fjölmargir hafa lagt hönd á plóg við þetta verkefni sem hefur verið unnið í samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands, Þjóðminjasafn Íslands, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Skjalasafn Alþingis og viljum við þakka þeim samstarfið og einnig samstarfsfólki okkar á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni. Þá hefur Ólafur J. Engilbertsson, hönnuður sýningarinnar, skilað af sér glæsilegu verki.

Bragi Þorgrímur Ólafsson


Sigríður Hjördís Jörunds dóttir

Handritasafni Landsbókasafns Íslands





Sálmahandrit sem Ásgeir Bjarnason, langafi Jóns, skrifaði um miðja átjándu öld. Handritið var í eigu Þórdísar, móður Jóns, og síðar Margrétar Sigurðardóttur, systur Jóns. Nöfn þeirra eru rituð á öftustu síðu handritsins (JS 138 8vo).



Kvöldvökurnar 1794 voru alþýðlegt fræðslurit sem Hannes Finnsson biskup gaf út í tveimur hlutum á árunum 1796-1797. Úr fyrri hluta þess skrifaði Jón stíla á latínu og dönsku á árunum kringum 1827 úr sögu af furstanum Menzikof.



Ljósmynd: Safn Jóns Sigurðssonar/Valdimar J. Halldórsson.

EINKAHAGIR

Hrafnseyri

Jón Sigurðsson fæddist á Hrafnseyri við Arnarfjörð árið 1811 og ólst þar upp til 1829. Faðir Jóns, sr. Sigurður Jónsson, er sagður hafa verið vel að sér og kenndi hann mörgum piltum undir skóla. Nokkur handrit Sigurðar eru varðveitt í handritasafni Landsbókasafns Íslands.

Þórdís Jónsdóttir, móðir Jóns, er sögð hafa verið fróðleikskona. Hermt er að hún hafi kunnað nokkuð í latínu, grísku og hebresku og hafi aðstoðað við að kenna piltum sem Sigurður tók til kennslu á Hrafnseyri. Þórdís átti nokkur gömul handrit, þar á meðal sálmahandrit sem föðurafi hennar, Ásgeir Bjarnason, skrifaði um miðja átjándu öld en það handrit hefur bæði verið í eigu Þórdísar og dóttur hennar, Margrétar Sigurðardóttur. Ásgeir er sagður hafa verið merkismaður, bæði hægur og síðlátur og afar fær skrifari, jafnvel með eina fallegustu rithönd sem varðveist hefur frá átjándu öld. Hann skrifaði upp fjölmörg handrit og safnaði ýmsum fróðleik sem finna má í handritasafni Landsbókasafns. Jón Sigurðsson átti meðal annars nokkur handrit frá langafa sínum.

Föðurafi Jóns og alnafni, Jón Sigurðsson prestur á Hrafnseyri, er talinn hafa verið merkur maður og vel að sér í skólalærdómi enda kenndi hann sjálfur sonum sínum til skóla. Jón bjó á Hrafnseyri á uppvaxtarárum Jóns Sigurðssonar en lést árið 1821. Í handritasafni Landsbókasafns eru varðveitt nokkur handrit eftir hann. Þar eru einnig varðveittar dagbækur Jóns Ásgeirssonar, móðurafa Jóns frá árunum 1774-1780 (Lbs 2671 8vo).



Dynjandi í Arnarfirði. Ljósmynd: Ólafur J. Engilbertsson.

Heimilisfólk og handritaarfur

Á uppvaxtarárum Jóns bjuggu á Hrafnseyri um tuttugu manns: ættmenni, foreldrar, systkini, föðurafl og frænkur ásamt vinnufólki og nokkrum öðrum. Í þessum hópi voru einstaklingar sem þekktir voru fyrir lærdómsþekkingu sína og fróðleikshuga og áttu þeir jafnframt í förum sínum gömul handrit sem gengið höfðu mann fram af manni á milli kynslóða, allt frá upphafi átjándu aldar og jafnvel fyrr. Þetta fræða- og handritaumhverfi hefur eflaust kveikt áhuga Jóns á íslenskum fræðum sem fylgdi honum alla ævi.

Meðal heimilisfólks á Hrafnseyri á uppvaxtarárum Jóns var Markús Eyjólfsson, uppgjafaprestur frá Söndum í Dýrafirði. Markús, sem þá var kominn á sjötugsaldur, var margfróður og jafnframt afbragðs góður skrifari. Eftir hann eru varðveitt þónokkur handrit, annálar, sálmar, kvæði og fleira, sem öll bera hönd hans fagurt vitni. Að auki birtist á prenti ritgerð eftir hann í *Ritum Lærdómslistafélagsins* árið 1781 og einnig þýðing á stuttri ritgerð um endurlifgun í *Minnisverðum tíðindum* árið 1803. Jón átti sjálfur nokkur handrit sem Markús skrifaði með eigin hendi, þar á meðal *Grammatica Islandica* sem hann skrifaði upp um 1775. Talið er sennilegt að Markús hafi fyrstur vakið áhuga Jóns á íslenskum fræðum.

Varðveist hafa þrjú handrit með hendi Jóns frá uppvaxtarárum hans á Hrafnseyri. Þau eru uppskrift Jóns á *Tímarímu* (Lbs 1648 8vo), skýringar á riti forngríska rithöfundarins Xenófons (JS 344 8vo) og latnesk stílabók sem talin er rituð um 1827 (JS 358 8vo). Stílabókin hefur að geyma bæði latneska og danska stíla sem unnir eru upp úr stuttum sögum í ritinu *Kvöldvökurnar 1794* eftir Hannes Finnsson biskup. Á stöku stað hefur faðir Jóns gert nokkrar orðalagsbreytingar.

„Hann var góður skrifari, ritaði netta og skýra hönd, settletur, snarhönd og fljótaskrift, og var reglumaður með alla færslu í embættisbókum sínum enda fróðleiksmaður og hefir ritað allmargt, bæði frumrit og afskriftir, og þannig frelsað margt frá glötun sem nú væri hvergi að finna.“

Sighvatur Grímsson Borgfirðingur um Markús Eyjólfsson, ritað á síðari hluta nítjándu aldar (Lbs 2364 I 4to).




Handrit sem Markús Eyjólfsson skrifaði um 1810 (Lbs 1849 8vo).



Gunnlaugur Oddsson dómkirkjuprestur.



Teikning af Reykjavík: Frederik Theodor Kloss 1834.



Afrít af vitnisburðarbréfi Jóns Sigurðssonar um að hann hafi lokið stúdentsprófi þann 1. júní 1829. Bréfið er á latínu og þar segir meðal annars að Jón sé siðaður, kurteis, gáfaður og skýr ungur maður og því sé hann vel að því kominn að hljóta stúdentsnafnbót (JS 536 b 4to).

Nám og vinna í Reykjavík

Vorið 1829 kvaddi Jón Sigurðsson áttthaga sína í Arnarfirði og hélt til Reykjavíkur. Faðir hans kom því svo fyrir að Gunnlaugur Oddsson dómkirkjuprestur tók Jón til stúdentsprófs. Hann spurði Jón í nokkra daga út úr stúdentsnámsefni þess tíma og þann 1. júní 1829 var stúdentspróf Jóns í höfn.

Í Reykjavík bjó Jón hjá föðurbróður sínum Einari og fjölskyldu hans við Klúbbgötu (síðar Aðalstræti) og þar kynntist hann tilvonandi konu sinni, Ingibjörgu dóttur Einars. Veturinn eftir stúdentsprófið vann Jón sem innanbúðarmaður í verslun P. C. Knudtzon í Hafnarstræti en Einar frændi Jóns var verslunarstjóri þar. Jón var fenginn til þess að færa inn í verslunarbækurnar allt sem þar átti að vera enda ungi maðurinn mikill listaskrifari.



Laugarnes 1836 eftir Auguste Mayer.

Í biskupsgarði

Vorið 1830, þegar Jón var tæplega nítján ára gamall, hóf hann störf sem skrifari hjá Steingrími Jónssyni biskupi. Biskupssetrið var þá í Laugarnesi og hafði að geyma veglegasta handrita- og bókasafn landsins. Jón hafði greiðan aðgang að þessu merka safni vegna starfa sinna og naut jafnframt góðs af návist Steingríms biskups sem var einn mesti lærðsmaður landsins á þessum tíma. Sjálfur hafði Steingrímur miklar mætur á Jóni og sagðist hann frekar vilja hafa Jón einan að störfum fyrir sig en tvo aðra. Í Laugarnesi aðstoðaði Jón einnig fróða menn sem komu þangað til að skoða forn skjöl og bækur, svo sem Sveinbjörn Egilsson sem þá var kennari við Bessastaðaskóla og virtur fræðimaður. Samvistir Jóns við handritasafnið í Laugarnesi og samskipti hans við fræðimenn hafa eflaust styrkt áhuga hans á íslenskum fræðum.



Meðmæli Sveinbjarnar Egilssonar til Árnasafns vegna starfa Jóns að Laugarnesi.

„Um það er eg sannfærður, að herra cand. phil. Jón Sigurðsson ... hefir náð ágætri æfingu í að lesa skinnhandrit; valda því þau atvik að þegar eg fyrir nokkurum árum ... skrifaði upp hinn nafnfræga Reykholtskirkjumáldaga, sem finnst á skinni í skjalasafninu í Laugarnesi, þá var herra Jón Sigurðsson ... mér hjálplegur í því, og eg verð að játa, að án aðstoðar hans myndi eg ekki hafa verið fær um með öruggri vissu að lesa skinnblað þetta því að nokkur hluti blaðsins, þ.e. 14.-26. lína (að báðum meðtöldum) er, að nokkuru vegna eðlis bleksins, að nokkuru af ítrekuðum tilraunum til að lesa blaðið, orðinn svo dauður, að einungis hvassasta sjón þess manns, sem mikla æfing hefir í handritum, fær greint stafagerðina víða; af því er það, að síðari uppskrift á skinni (sennilega frá 17. öld), sem finna má meðal skjala Reykholtskirkju, hefir alveg félt út þenna hluta frumritsins. Þessa fími hafði herra Jón Sigurðsson öðlast með því, að leiðbeiningu biskups, að rita upp ýmis frumskjöl á skinni, þau er varðveitt eru í skjalasafninu.“ (Lbs 595 4to).



Steingrímur Jónsson biskup

„Hann var manna bezt að sér, kenndi mörgum skólalærdóm, meðan hann var prestur og veitti sumum stúdentsvottorð. Einn hinn skylduræknasti embættismaður og valmenni, hagamæltur og hinn fróðasti á sögu Íslands og ættvísi, og hefir skrifað ýmislegt, sem er í handritum um þau efni, þar á meðal ættarlöubók mikla.“

Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskírur* IV bindi (Reykjavík 1951), bls 348-349.



Þegar Jón starfaði hjá Steingrími aðstoðaði hann Sveinbjörn Egilsson við lestur á Reykholtsmáldaga. Hluti máldagans er talinn frá árinu 1185 og er elsta varðveitta frumskjal sem til er á íslensku. Í máldaganum er að finna skrá yfir jarðeignir og gripi í eigu kirkjunnar í Reykholti í Borgarfirði. Hluti máldagans er afar illlæsilegur en Jón gat leyst úr torlesnum orðum og heillaði það Sveinbjörn mjög sem minntist á það í meðmælalæfni sem hann skrifaði til Árnasafns árið 1835.

Þjóðskjalasafn Íslands. Kirknasafn. Reykholt AA/2.



Sveinbjörn Egilsson rektor, kennari og skáld tók Jón Sigurðsson upp á arma sína. Fyrst sá hann um að undirbúa Jón undir próf í forspjallsvísindum við Kaupmannahafnarháskóla og gerði það með sóma. Þá varð þeim vel til vina og áttu þeir eftir að vera í miklum bréfasamskiptum þar sem þeir ræddu sameiginleg áhugamál sín, málfræði og handritarannsóknir. Sveinbjörn fékk Jón til þess að skrifa upp fyrir sig ýmis gömul skjöl sem leyndust á skjalasöfnum í Kaupmannahöfn og má þar nefna *Íslendingabók* og *Landnámu*. Hér gefur á að líta upphafssíðu handrits Jóns að *Íslendingabók* sem hann skrifaði upp fyrir Sveinbjörn (Lbs 439 4to).





Háskólabókasafn. Teikning H. G. F. Holm.

Nám í Kaupmannahöfn

Í ágústlok 1833 sigldi Jón Sigurðsson til Kaupmannahafnar með það markmið fyrir augum að þreyta inntökupróf í Kaupmannahafnarháskóla og naut hann aðstoðar Sveinbjarnar Egilssonar á Bessastöðum við undirbúning fyrir prófið. Jón tók prófið í desember 1833 og náði hann góðri fyrstu einkunn. Vorið og haustið eftir þreytti Jón próf í báðum hlutum annars lærdómsstigs og stóðst með ágætum þannig að honum var ekkert að vanbúnaði að hefja reglulegt nám við skólann. Jón valdi að leggja höfuðáherslu á málfræði og sögu, svokallað málfræðipróf hið meira. Fyrst um sinn leigði Jón sér herbergi úti í bæ en komst svo inn á Garð í byrjun febrúar 1834 þar sem hann bjó þar til í janúarlok 1838. Meðfram námi sínu tók Jón að sér ýmis aukaverkefni, m.a. að skrifa upp handrit. Árið 1835 fékk hann styrk frá Árnaneðndinni til handritarannsókna og svo fór að hann lauk aldrei prófi þar sem aukaverkefni voru farin að taka allan hans tíma.

Aðalgreinar í málfræðinámi Jóns voru gríska, latína, saga og hebreska og aukagreinar voru guðfræði, stærðfræði og heimspeki. Til eru á annan tug uppskrifta Jóns Sigurðssonar að fyrirlestrum sem hann sótti hjá kennurum Kaupmannahafnarháskóla. Meðal þess sem varðveist hefur eru uppskriftir um latneska málfræði, stjórnaðhætti Rómverja, sögu grískrar heimspeki, norræna fornfræði, landafræði Grikklands, frumspeki og málvísindi. Hér gefur á að líta forsiðu úr handriti Jóns sem inniheldur fyrirlestra J. N. Madvigs um ritið *Eðli guðanna* eftir Cicero. Johan Nicolai Madvig kenndi latnesk fræði við Kaupmannahafnarháskóla og var sá kennari sem Jón Sigurðsson sótti flesta fyrirlestra til (JS 503 4to).





Aðalstræti 1836 eftir Auguste Mayer.

Ingibjörg Einarsdóttir

Þann 9. október 1804 fæddist hjónunum Ingveldi Jafetsdóttur og Einari Jónssyni kaupmanni í Reykjavík stúlka og var hún skírð Ingibjörg í höfuðið á föðurömmu sinni. Ingibjörg Einarsdóttir var frumburður foreldra sinna og átti eftir að eignast þrjá bræður. Þegar Ingibjörg var um árgömul fluttist fjölskylda hennar að Mýrarhúsum á Seltjarnarnesi og síðar keypti faðir hennar Þerney þar sem þau bjuggu uns þau fluttu alfarið til Reykjavíkur en þar var faðir hennar verslunarstjóri og síðar kaupmaður. Eftir að móðir hennar lést árið 1837 sá Ingibjörg um heimilið fyrir föður sinn allt þar til hann dó 1839. Frá þeim tíma er faðir hennar lést og þar til þau Jón giftu sig árið 1845 bjó Ingibjörg hjá maddömu Sigríði J. Thorgrimsen við Tjörnina. Af þeim fáu heimildum sem greina frá Ingibjörgu má ráða að þar hafi verið á ferð hjálpsöm, dygg, röggöm og staðföst kona sem gat verið æði þrjósök ef hún beit eitthvað í sig.

„Ef guð lofar, þá held eg að eg muni gipta mig nú og fara með stúlku mína til Kaupmannahafnar. Hún er eins og hún hefur verið, trúföst og elskuleg, en það er miður, að eg get ekki verið henni svo mikil aðstoð sem hún verðskuldar, því embættið er ekki feitt eins og þú veizt“.

Jón Sigurðsson til Gísla Hjálmarssonar í ágúst 1845.

Bréf Jóns Sigurðssonar. *Úrval* (Reykjavík, 1911), bls. 88–89.



Staðfesting Jóns til Ingibjargar um að hún væri stúlkan hans. Hann fékk danskan listmálara að nafni Frederik Christian Camradt til að mála litla mynd af sér sem hann svo sendi til Ingibjargar fyrir jólin 1837 (Þjóðminjasafn Íslands. Safn JS, 168).



Ingibjörg Einarsdóttir



Saumaborð Ingibjargar er í eigu Þjóðminjasafns Íslands (JS 17).

Þann 24. desember 1940 birtist í *Lesbók Morgunblaðsins* viðtal við Ingibjörgu Jensdóttur, bróðurdóttur Jóns, þar sem hún sagði meðal annars frá veru sinni á heimili Jóns og Ingibjargar veturinn 1877–1878. Þar er meðal annars að finna eftirfarandi lýsingu á háttum þeirra hjóna: „Þegar engir gestir voru, var kyrrlátt á heimili þeirra Jóns og Ingibjargar. Þau sátu hjónin bæði inni í hornherbergi íbúðarinnar, sem var skrifstofa „bróður“, hann við skrifborðið, sem stóð undir hornglugganum, en „systir“ sat við saumaborð sitt, sem var í horninu andspænis húsbóndanum. Hún var ýmist að hekla eða þrjóna. Og jeg sat hennar megin við skrifborðið. Þannig leið „kvöldvakan“ hjá okkur á Östervold.“

Lesbók Morgunblaðsins 24. desember 1940, bls. 419.




Jónshús við Östervoldgade.


Búskapurinn

Þann 13. október 1845 lögðu nýgiftu hjónin Ingibjörg og Jón af stað frá Reykjavík til Kaupmannahafnar þar sem þau áttu eftir að búa sína búskapartíð. Fyrsta heimili þeirra var í lítilli íbúð að Admiralsgade 104 en á framtíðarheimili sitt að Östervoldgade fluttust þau ekki fyrr en árið 1852 eftir að hafa flutt sig nokkrum sinnum um set í borginni. Þau hjón voru samhent og viljug til að aðstoða landa sína með smátt og stórt. Gestkvæmt var á heimili þeirra og oft voru haldin matarboð og veislur. Heimili þeirra var dæmigert

heimili borgarastéttarinnar á þessum tíma, meðal annars var á heimili þeirra páfagaukur er þau kölluðu Poppedreng og að sjálfsgöðu höfðu þau vinnukonu hjá sér.



Bréf Jóns til Jens bróður síns skrifað í Kaupmannahöfn 10. júní 1846 þar sem Jón kvartar yfir því hversu dyrt sé að vera giftur maður en er um leið ósköp sáttur með hversu vel þau búi (Lbs 526 fol).



Fóstursonurinn og fleiri börn

Haustið 1859 tóku Ingibjörg og Jón í fóstur Sigurð Jónsson frá Steinanesi, son Margrétar systur Jóns og manns hennar Jóns Jónssonar skipstjóra. Svo virðist sem lengi hafi staðið til að Sigurður færi til Jóns og Ingibjargar en í sendibréfi frá Margréti til Jóns kemur fram að hún óskar þess að Sigurður verði hjá Jóni. Þá var Sigurður ríflega hálfs árs gamall en til Ingibjargar og Jóns kom hann rúmlega átta ára gamall og var hann hjá þeim til fullorðinsára.


Ingibjörg og Jón tóku oft að sér að greiða götu Íslendinga sem komu í ýmsum erindagjörðum til Kaupmannahafnar. Meðal annars voru veik ungmenni send til þeirra og þau hjón aðstoðuðu við að leita þeim lækninga og skutu jafnvel skjólshúsi yfir þessi ungmenni um lengri eða skemmri tíma. Þau voru einnig viljug að veita systkinabörnum sínum ýmsa aðstoð. Ingibjörg studdi Einar bróðurson sinn til náms heima á Íslandi og Ingibjörg dóttir Jens bróður Jóns dvaldi hjá þeim hjónum í um ár.




Varðveist hefur sendibréf Margrétar til Sigurðar sonar síns í Kaupmannahöfn frá árinu 1862 en þá var Sigurður orðinn 11 ára og hafði verið hjá Jóni og Ingibjörgu í þrjú ár. Í bréfinu segist Margrét fyllilega treysta bróður og systur (innan fjölskyldunnar voru Jón og Ingibjörg ætíð kólluð bróðir og systir) til að ákvarða framtíð hans en síst vilji hún að hann leggi fyrir sig stríðslist eins og hún kallar það (Lbs 2591 4to).



Fóstursonurinn Sigurður. Vel var hugsað um Sigga litla eins og hann var jafnan kallaður í Kaupmannahöfn. Hlaut hann góða menntun og útskrifaðist úr laganámi frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1875. Þremur árum síðar fékk Sigurður sýslumannsembætti í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og hélt hann því embætti til æviloka.



Teikning sem Þorvaldur bróðir Sigurðar sendi honum ásamt sendibréfi sem skrifað var í Steinanesi 30. ágúst 1862. Í bréfinu segist Þorvaldur sjaldan fá tíma til að leika sér, það sé helst að hann gefi sér tíma til að teikna skip. Hann biður svo bróður sinn að senda sér nokkra stálpenna „ef við lifum af veturinn ...“ eins og hann orðar það (Lbs 2591 4to).



Krisjánsborgarhöll. Teikning H. G. F. Holm.

Í bréfum Jóns er hægt að komast nær hugsun stjórnmálamannsins Jóns Sigurðssonar. Í ágústlok 1846 skrifar Jón Gísli vini sínum bréf þar sem hann segir meðal annars: „Eg er líka stundum fjandans samviskumórauður yfir því að ekkert gengur, og allt er einsog fari gegnum greipar manni; úngir menn sem maður hugsaði mundi gera nokkuð, gera ekkert, o.s.frv., en á aðra síðuna sé ég að þetta er commune fatum. Ekki fellur tréð við fyrsta högg. Þó það sé logn á þeim nú, þá verða þeir neyddir til að gera eitthvað með tímanum, og ég hefi góða von um að verzlunarfrelsið komi, og komi undir þá fótunum á einhvern hátt. Ég þegi nú hreint, en eg safna á rentukammer einsog áður, og vona að verða búinn að ná nokkru til muna í vor, en vel finn eg það að eg er í illu dilemma, og skyldan býður mér að fara varlega, þó það sé af Egoisme.“ Jón vill sem sagt bíða og sjá hverju fram vindur en á meðan leita fleiri heimilda til þess að styðja mál sitt gagnvart dönsku stjórninni (Lbs 2789 4to).

„Háttvirti herra“

Varðveist hafa rúmlega 8.000 sendibréf tengd Jóni Sigurðssyni. Annars vegar er um að ræða ríflega 1.300 bréf og bréfauppköst sem Jón skrifaði og hins vegar yfir 6.600 bréf sem Jón fékk frá vinum, vandamönnum og öðrum sem erindi áttu við hann. Bréf þessi geyma ýmsa vitneskju um persónuna, fræðimanninn og stjórnmálamanninn Jón Sigurðsson. Mikið var um að hann fengi beiðnir um að snúast eitt og annað fyrir Íslendinga. Meðal þess sem hann keypti og sendi heim var: píanó, prentsmiðja, kjólar, hálsmen, hómó-patalyf og gleraugu. Þá voru erindi líka af persónulegum toga, hann sótti oft um embætti fyrir menn og stóð í ýmsu stappi fyrir fólk gagnvart stjórninni auk þess að fá einstaka



sinnum beiðnir eins og að hafa upp á dönskum barnsföður, dönskum kærasta eða jafnvel barnsmóður og barni. Síðast-nefnda erindið leysti Jón með sóma og átti eftir að taka barnsmóður þessa íslenska embættismanns og barn hennar inn á sitt heimili um tíma.

Gísli Hjálmarsson lækur var góður vinur Jóns Sigurðssonar og virðast fáir hafa slegið Gísla út í innkaupabeiðnum til Jóns og Ingibjargar. Þann 11. janúar 1858 sendi Gísli Jóni langt bréf þar sem meðal annars má finna langan innkaupalista. Meðal þess sem Gísli vanhagaði um voru hattar, svart silki, vatnskarafli og glös, borðdúkur, gleraugu og barómet (Þjóðskjalasafn Íslands. E-10.4).



Slutteriet við Nýjatorg. Mynd eftir Rörbye.

„Hjartkæri vin og bróðir“

Jón var alla tíð í virku bréfasambandi við sína nánustu vini heima á Íslandi. Bréf þeirra á milli skipta hundruðum og eru þau aðallega varðveitt á Landsbókasafni og á Þjóðskjalasafni. Innan þessa hóps má nefna læriföður Jóns, Steingrím Jónsson biskup í Laugarnesi, Sveinbjörn Egilsson, kennara við Bessastaðaskóla og síðar rektor Lærða skólans, Jens Sigurðsson, bróður Jóns og rektor Lærða skólans, Eirík Magnússon, bókavörð við Cambridge háskóla í Englandi, Pál Melsteð sagnfræðing og kennara við Lærða skólann og Jón Guðmundsson ritstjóra *Þjóðólfs* sem kallaði sig „skugga Jóns Sigurðssonar“. Þessir einstaklingar, ásamt öðrum vinum Jóns, voru framarlega á ýmsum sviðum í íslensku þjóðlífi á síðari hluta nítjándu aldar og í bréfum þeirra má sjá áhuga-verða samfélagsmynd frá þessum tíma, bæði frá Íslandi og meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn.



Eirík Magnússon



Páll Melsteð



Jens Sigurðsson



Jón Guðmundsson



Garður. Úr For og nu. Historisk topografisk tidsskrift.



Skrá um frumbréf í Árnasafni. Að stofni til frá áttjándu öld en með viðbótum Jóns Sigurðssonar (JS 72 fol).

VÍSINDASTÖRF Í Árnasafni

Árið 1835 fékk Jón stöðu styrkþega við Árnasafn í Kaupmannahöfn. Stjórn safnsins taldi hann hæfastan umsækjenda enda hafði hann öðlast haldgóða þekkingu á skjölum og handritum við störf sín hjá Steingrími biskupi Jónssyni í Laugarnesi nokkrum árum áður. Stjórnin taldi einnig að Jón væri afar nákvæmur og hefði að auki mjög fallega og greinilega rithönd sem skipti töluverðu máli við uppskriftir handrita og annað innan safnsins. Jón stóð sig svo vel í þessu starfi að hann fékk aukagreiðslur fyrir elju, áhuga og iðjusemi og fékk hærri stöðu styrkþega innan safnsins árið 1839. Árið 1848 var Jón kjörinn ritari Árnasafns og gegndi þeirri stöðu til æviloka. Innan safnsins tók Jón saman ítarlega skrá yfir handrit þess, vann að útgáfu á *Íslenskum annálum fram til 1430* og á *Snorra-Eddu*, vann að uppskriftum handrita og samanburði þeirra, samdi árlega skýrslu yfir starfsemi safnsins, hafði umsjón með styrkþegum og margt fleira. Páll Eggert Ólason telur að enginn hafi verið safninu annar eins nytjamaður og Jón Sigurðsson enda hafði hann bæði afar góða sýn yfir handrit þess sem og mikinn fræðilegan metnað.



Teikning af Stokkhólmi úr skrá Jóns yfir íslensk handrit í Stokkhólmi. (JS 378 4to).

Svíþjóðarferðin 1841

Sumarið 1841 fór Jón Sigurðsson ásamt Ólafi Pálssyni guðfræðinema til Uppsala og Stokkhólms á vegum Árnasafns og Fornfræðafélagsins. Tilgangurinn var að rannsaka og skrá íslensk handrit sem varðveitt voru á söfnum í þessum borgum. Vel var tekið á móti þeim og fengu þeir rúman aðgang að söfnunum og góða vinnuaðstöðu. Ferðin tók rétta þrjá mánuði og var afrakstur hennar heilmikill, þeir fundu mörg gömul íslensk handrit sem ekki var vitað um, skrifuðu upp merk handrit og Jón tók saman ítarlega skrá yfir þau. Sú skrá var grundvöllur að *Förteckning öfver Kongl. Bibliothekets i Stockholm Isländska Handskrifter* sem kom út árið 1848. Í ferðinni hittu þeir jafnframt tignarfólk og fyrir-menni og sóttu ýmsar veislur og viðburði sem sagt er frá í ferðabók sem Ólafur hélt og er varðveitt í handritasafni Landsbókasafns.

„Eg var í Uppsölum í mikilli dýrð og var „präsenteraður“ og drakk dús við fleiri en eg nokkurn-tíma man í þessu lífi. Þegar Svíar eru kenndir, vilja þeir vera bræður hvers manns og sleppa allri „Titulatur“ ... Svíar eru annars ágætir við ferðamenn og taka Dönum mikið fram í því, og er það kannske af því þeir eru færri, sem hingað koma ... Það er gaman að fara á hjólskipi til Uppsala og um skergarðinn, þar flýgur maður gegnum sund, sem ekkert sést til fyrir en að kemur, gegnum brýr, sem eru opnaðar, með þeirri fleygiferð, að ef eitthvað skeikaði, þá veit eg ekki, hver undan yrði að láta ...“

Úr bréfi Jóns til Finns Magnússonar, 1. júlí 1841 (Lbs 2184 4to).



Ólafur Pálsson



Skrá yfir íslensk handrit í Konunglega bókasafninu í Stokkhólmi sem kom út 1848. Grundvöllur hennar var skrá Jóns Sigurðssonar úr ferðinni 1841.



Uppskrift Jóns af *Landnámu* frá því um 1845 (JS 17 fol).

Útgáfa íslenskra fornrita

Haustið 1840 hóf Jón að vinna að útgáfu á *Íslendingabók* og *Landnámabók* fyrir Hið konunglega norræna fornfræðafélag. Jón vann ötullega að þessu verki næstu þrjú árin enda er það talið tímamótaverk í íslenskri textafræði og fyrsta vísindalega útgáfa þessara rita. Þar er í fyrsta sinn tilgreindur orðamunur úr nær öllum varðveittum handritum og eldri prentuðum útgáfum *Íslendingabókar* og *Landnámabókar*. Jón vann einnig að öðru bindi á vegum félagsins sem kom út árið 1847 og hafði að geyma sex Íslendingasögur. Á næstu árum vann Jón að öðrum fornritaútgáfum af sömu nákvæmni og skarpskyggni og bera þau verk öll vitni um vandvirkni hans og þekkingu á íslenskum handritum. Þessi verk vann hann ýmist fyrir Fornfræðafélagið, Norræna fornritafélagið, Konunglega danska vísindafélagið, Árnasafn eða Hið íslenska bókmenntafélag.



Borchs collegium við Stóra Kanúkastræti. Þar voru haldnir fundir í Hinu íslenska bókmenntafélagi.

Jón Sigurðsson og Hið íslenska bókmenntafélag

Eitt helsta fræðafélag Íslendinga er Hið íslenska bókmenntafélag. Félagið var stofnað árið 1816 og hefur lengst af gefið út bækur og tímarit sem snúa að sögu og lýsingu lands og þjóðar. Jón gekk í félagið tveimur árum eftir að hann kom til Kaupmannahafnar og er hans fyrst getið í félagskrá þess vorið 1836. Strax ári síðar var honum falið að skrifa einn árgang af tímariti félagsins, *Skírnirni*, ásamt Magnúsi Hákonarsyni og var þá jafnframt kosinn varaforseti félagsins. Árið 1851 var Jón kjörinn forseti félagsins og gegndi þeirri stöðu til dánardags eða í tæp 30 ár. Jón var driffjöðrin í verkefnum félagsins á þessum árum, hann stóð bæði að viðamikilli söfnun þess á íslenskum handritum og ræðst í umfangsmikla og fjölbreytta bókaútgáfu. Hinn mikli kraftur sem var í félaginu varð til þess að félagsfjöldi þess margfaldaðist, úr 160 árið 1841 í 794 árið 1877.

Bækur og tímarit Hins íslenska bókmenntafélags gefin út í forsetatíð Jóns Sigurðssonar 1851–1879

1. *Skírnir* (1851–1879)
2. J. G. Fischer, *Eðlisfræði* (1852)
3. Hómer, *Hómers Odysseifs-kvæði* (1854)
4. Hómer, *Ilíons-kvæði* (1856)
5. *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju* 1. bindi (1856–1876)
6. *Íslenzkt fornbréfasafn* 1. bindi (1857–76)
7. *Skýrslur um landshagi á Íslandi* 5 bindi (1858–1875)
8. *Biskupasögur* 2 bindi (1858–1878)
9. Halldór Kr. Friðriksson, *Íslenzkar réttitunarreglur* (1859)
10. Halldór Kr. Friðriksson, *Íslensk málmyndalýsing* (1861)
11. Pétur Guðjohnsen, *Íslensk sálmasöngs og messubók með nótum* (1861)
12. *Tíðindi um stjórnmálefni Íslands* 3 bindi (1864–1875)
13. Quintus Horatius Flaccus, *Þýðing bréfa Hórasar*. 2 bindi (1864–1886)
14. Páll Melsteð, *Fornaldarsagan* (1864)
15. Halldór Kr. Friðriksson, *Skýring hinna almennu málfræðilegu hugmynda* (1864)
16. Björn Gunnlaugsson, *Tölvísi* (1865)
17. *Nokkur blöð úr Hauksbók og brot úr Guðmundarsögu* (1865)
18. Páll Melsteð, *Miðaldasagan* (1866)
19. Jón Sigurðsson, *Hið íslenska bókmenntafélag. Stofnan félagsins og athafnir 1816–1866* (1867)
20. *Skýrsla um Forngripasafn Íslands* (1868)
21. Björn Gunnlaugsson, *Einföld landmæling til að semja afstöðu uppdrætti með einföldum verkferum* (1868)
22. Páll Melsteð, *Nýja sagan* 1. bindi (1868–1875)
23. Sveinn Nielsson, *Presta tal og prófasta á Íslandi* (1869)
24. *Skýrsla um handritasafn Hins íslenska Bókmenntafélags* (1869)
25. Jón Thoroddsen, *Kvæði* (1871)
26. Einar Ásmundsson, *Um framfarir Íslands* (1871)
27. Heinrich Wilhelm Stoll, *Kennslubók í goðafræði Grikkja og Rómverja* (1872)
28. *Fréttir frá Íslandi* (1873–1879)
29. *Skýrsla um Forngripasafn Íslands* (1874)
30. Jón Thoroddsen, *Maður og kona* (1876)
31. Sigurður Guðmundsson, *Alþingisstaður hinn forni við Öxará* (1878)
32. Þorkell Bjarnason, *Um siðbótina á Íslandi* (1878)
33. Henry Enfield Roscoe, *Efnafræði* (1879)
34. Archibald Geikie, *Eðlislýsing jarðarinnar* (1879)
35. Jónas Jónassen, *Um eðli og heilbrigði mannlegs líkama* (1879)
36. *Íslenskar fornsögur* (1879–)



Árið 1867 tók Jón saman yfirlit yfir starfsemi Bókmenntafélagsins í tilefni af fimmtíu ára afmæli þess.



Eiginhandarrit Hallgríms Péturssonar að *Passíusálmunum*, skrifað árið 1659. Jón Sigurðsson fékk þetta handrit að gjöf árið 1856 og er það hluti af handritasafni Jóns sem varðveitt er í Landsbókasafni Íslands. Handritið er talið einn helsti dýrgripur safnsins (JS 337 4to).



Teikning: Auguste Mayer.

Handritasöfnun Jóns Sigurðssonar

Á æviárum Jóns var ekki óalgengt að fólk ætti gömul handrit í fórum sínum, kvæðahandrit, ættfræðigögn, uppskriftir af Íslendingasögum, ýmiss konar sögulegan fróðleik og margt fleira. Jón taldi nauðsynlegt að forða þessum handritum frá glötun og hóf að safna handritum af miklum krafti. Hann var í bréfasambandi við fjölda fólks víða um land og bað það um að útvega sér ýmis handrit ef þau lægu á lausu. Þannig byggði Jón upp stórt handritasafn sem taldi rúmlega 1.300 handrit þegar allt er tínt til. Talið er að Jón hafi verið mestur íslenskra handritasafnara síðan Árna Magnússon leið. Yfirvöld keyptu handritasafn Jóns árið 1877 og var það falið Landsbókasafni til eignar og varðveislu.

„Mestr fengr, sem Landsbókasafnið hefir fengið í handritum, voru söfn Jóns Sigurðssonar og Hins íslenska bókmenntafélags.“


Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins*. III. bindi (Reykjavík, 1935-1937), bls. vi.

„Eitt hið mesta vísindalega afrek hans var, að hann alla æfi safnaði með hinni mestu elju og alúð öllum handritum, brjefum, skjölum, skýrslum og skilríkjum, er hann gat náð til, og á nokkurn hátt snerti sögu Íslands eða ásigkomulag ...“

Eiríkur Briem, „Yfirlit yfir ævi Jóns Sigurðssonar.“ *Andvari* 6 (1880), bls. 34.

Í handritasafni Jóns er að finna fjölda kvæða-, rímna- og sálmahandrita. Þar eru meðal annars frumrit Hallgríms Péturssonar að *Passíusálmunum* og kvæði ýmissa alþýðuskálda. Hér má sjá forsiðu sálmasafns Hallgríms Péturssonar sem Guðmundur Runólfsson skrifaði upp árið 1730 (JS 208 8vo).





Hugðarefni Jóns

Stór hluti þess efnis sem Jón lét eftir sig í handritasafni sínu er í formi minnisgreina um margvísleg hugðarefni hans. Hann notaði oft bláa miða af ýmsum stærðum, jafnvel umslög utan af sendibréfum sem hann fékk til að halda utan um þann fróðleik sem hann vildi halda til haga af einni eða annarri ástæðu. Þar kennir margra grasa og safnið ber þess vott hversu yfirgripsmikið áhugasvið Jóns var. Lætur nærri að ekkert íslenskt efni hafi verið honum óviðkomandi. Íslenskar bókmenntir af ýmsum toga fylla stóran hluta safns hans og íslensk saga er þar einnig fyrirferðarmikil. Víða í skjalapökkum Jóns Sigurðssonar

má finna áhugaverð frumskjöl liggja innan um minnismiða Jóns og annað sem viðkomandi efni tengdist.



Jón hafði mikinn áhuga á eldsumbrotum á Íslandi og samkvæmt uppkasti að bréfi sem hann skrifaði til Direktionen for den grevelige Hjelmsjerne-Rosencronske Stiftelse í október árið 1870 hafði hann hug á að gefa út heimildarit um eldgos á Íslandi allt frá landnámstíð, samtíðarfrásagnir manna um eldgos, annálaskrif og annað frumefni um eldgos. Í handritasafni Jóns er að finna töluvert efni sem hann hafði víðað að sér um eldgos og hér má sjá vitnisburð Arnórs Jónssonar á Dunk frá 7. september 1738 (JS 425 4to).

Daninn Andreas Charles Teilmann ferðaðist um Ísland árið 1820 í vísindalegum tilgangi og kom m.a. að Þingvöllum. Í safni Jóns er bréf sem Teilmann sendi Den kongelige Comission for Oldsagers Opbevaring og varðar fornminjar á Þingvöllum. Jón safnaði að sér töluverðum upplýsingum um fornminjar á Íslandi. Þessi teikning fylgdi bréfi Teilmanns (Lbs 268 fol).




Meðal þess sem er að finna í safni Jóns er ýmis samtíningur hans um rúnir. Í JS 149 fol er mikið magn af slíku efni, teikningar af rúnasteinum, rúnastafróf ýmiss konar og annað efni sem rúnum tengist. Skjal þetta var skrifað af séra Sveini Jónssyni á Barði á 17. öld og sýnir það átta mismunandi leturtegundir, meðal annars springletur, villuletur og málrúnir (JS 149 fol).



Í JS 496 4to er að finna samtíning Jóns Sigurðssonar um fangamörk manna fyrr á tímum ásamt uppkasti hans að grein um það efni (JS 496 4to).



Í handriti Jóns að *Lousamling for Island* er víða að finna prentuð eintök konunglegra tilskipana. Vinnulag Jóns við handritið virðist hafa verið þannig að hann hafi lagt slík prent inn á viðeigandi staði og síðan skrifað sjálfur upp þær tilskipanir sem hann komst ekki yfir á prenti. Hér má sjá konunglega tilskipun frá 29. maí 1750 um það hvernig réttarkerfið í Danmörku og Noregi eigi að taka á málum sæki einhver um að skilja við maka sinn (JS 550 4to).




Í steinþykki í Kaupmannahöfn 1861. Teikning: C. M. Tegner.

Lousamling for Island

Að frumkvæði Jóns Sigurðssonar var tekið til við að gefa út safn lagaheimilda sem tengdust Íslandi. Þetta heimildasafn kallast *Lousamling for Island* og kom út í 21 bindi á árunum 1853-1889. Með þessari útgáfu var í fyrsta sinn heildstætt safnað saman eldri og yngri lögum, tilskipunum og þess háttar efni sem á einn eða annan hátt varpaði ljósi á réttarfar og stjórnarfar á Íslandi tímabilið 1096-1874. Útgáfa þessi bætti úr brýnni þörf sem skapast hafði til þess að hafa á einum stað þessar upplýsingar. Jón sá um að safna saman stærstum hluta þessa safns og eru frumrit *Lousamling for Island* geymd í handritasafni Landsbókasafns Íslands. Jón fékk Oddgeir Stephensen skrifstofustjóra í íslensku stjórnardeildinni til liðs við sig sem lögfræðilegan ráðgjafa. Þeir félagar sóttu um styrk til kansallísins til útgáfunnar og fengu. Tilgangur þeirra félaga var að taka saman safn íslenskra lagaheimilda sem embættismenn gætu nýtt sér til að öðlast aukinn skilning og þekkingu á íslensku lagaumhverfi.

Áður en *Lousamling for Island* var gefið út höfðu nokkrir menn tekið saman söfn af svipuðu tagi. Hér má sjá forsiðu fyrsta bindis laga- og reglugerðasafns Magnúsar Ketilssonar sýslumanns sem hann gaf út á árunum 1776-1787. Þá hafði Finnur Jónsson biskup tekið saman álíka safn og gefið út í verkinu *Historia ecclesiastica Islandiae* sem inniheldur meðal annars ýmsar reglugerðir og lög er varða kirkjuna. Sonur hans, Hannes, tók einnig saman laga- og reglugerðarsafn sem í dag er varðveitt í handritasafni Landsbókasafns Íslands.





Guðbrandur Vigfússon málfræðingur í Oxford var einn þeirra manna sem skrifuðu upp skjöl fyrir Jón Sigurðsson í tengslum við útgáfuna á *Íslensku fornbréfasafni*. Eiríkur Magnússon bókaforður í Cambridge var honum líka innan handar með uppskriftir.

Íslenskt fornbréfasafn

Af bréfi sem Jón sendi Sveinbirni Egilssyni á afmælisdaginn sinn árið 1837 má ráða að hann hafi snemma fengið þá hugmynd að safna saman íslenskum fornbréfum og skjölum. Á þessum tíma vann Jón fyrir Danska vísindafélagið við að taka saman slíkt safn varðandi danska sögu og ekki er ósennilegt að hugmyndin sé þaðan sprottin. Vitað er með vissu að Jón var byrjaður að víða að sér efni fyrir *Íslenskt fornbréfasafn* árið 1845. Hann skrifaði upp skjöl og í sumum tilfellum vann hann umfangsmikla rannsókn, t.d. varðandi *Gamla sáttmála*. Jón leitaði víða fanga við söfnun fornbréfanna, svo sem í safni Árna Magnússonar auk skjalasafna í Kaupmannahöfn og einnig fékk hann aðra til að afrita skjöl, bæði

á Íslandi, Englandi og víðar. Jóni entist aðeins aldur til að sjá fyrsta bindi fornbréfasafnsins en það var gefið út í fjórum heftum á árunum 1857-1876. Að Jóni látnum tók Jón Þorkelsson við verkinu þar sem frá var horfið og nýtti hann að einhverju leyti safn Jóns til verksins.



Síða úr handriti Jóns að *Íslensku fornbréfasafni*. Handrit Jóns að fornbréfasafninu eru alls 12 talsins og eru það uppskriftir Jóns af skjölum frá elstu tímum og fram undir 1590, uppskriftir annarra manna, sendibréf til Jóns varðandi einstök skjöl og jafnvel frumrit skjala. Hér er um að ræða uppskrift Jóns sjálfs úr safni Árna Magnússonar af skjali um eiða (JS 364 4to).



Ein þeirra uppskrifta sem Páll Pálsson stúdent skrifaði fyrir Jón í tengslum við útgáfu *Íslensks fornbréfasafns*. Páll var amtskrifari Bjarna amtmanns Þorsteinssonar að Arnarstapa. Páll vann síðar á Landsbókasafni bæði að uppskriftum handrita, viðgerðum og bókbandi (JS 363 4to).

„Sagnfræðin hóf sig ... upp af því stigi sem hafði einkennt hana í skrifum Arngríms lærða, Jóns Espólins og Boga Benediktssonar, allir höfðu þeir ótrúlega miklu af heimildum úr að móða en Jón sló þeim öllum við að þessu leyti, tamdi sér líka meiri heimildaryni og nákvæmni og kom fram sem atvinnumaður í nútímaskilningi. Þessa hafa aðrir notið síðan.“


Helgi Þorláksson, „Sagnfræði um Íslandssögu 1300-1550.“ *Saga* 38 (2000), bls. 61.



Jón lagði ávallt ríka áherslu á sögulegan bakgrunn þeirra mála sem hann vann að hvort sem það var á sviði stjórnmála eða íslenskra fræða. Hér eru inngangsorð hans að *Íslensku fornbréfasafni* en fyrsta bindi þess kom út á árunum 1857–1876.

Sagnfræðingurinn Jón

Þegar Jón hóf fræðastörf sín í Kaupmannahöfn um 1835 lágu fjölmargar merkar heimildir um sögu Íslands á skjalasöfnum þar í borg, tilskipanir, skjöl, fornbréf, stjórnvaldsfyrirmæli og margt fleira. Jón fékk snemma góða yfirsýn yfir þessar heimildir og réðst í að koma þeim á prent í vönduðum útgáfum með ítarlegum skýringum og inngangssköflum. Þekktustu útgáfunar eru *Lovsamling for Island* og *Íslenskt fornbréfasafn* sem hafa nýst við grunnrannsóknir á sögu landsins æ síðan. Með vinnu sinni að þessum útgáfum og öðrum fræðastörfum öðlaðist hann umfangsmikla þekkingu á sögu Íslands og beitti henni markvisst í stjórnmálastarfi sínu. Kröfur Jóns um aukið sjálfsforræði Íslands voru þannig ávallt rækilega rökstuddar með sögulegum tilvísunum og sjást skýrt í ritgerðum hans í *Nýjum félagsritum*. Þessar kröfur mótuðu mjög anda sjálfstæðisbaráttunnar og söguskoðun Íslendinga á síðari hluta níttjándu aldar og fram eftir þeirri tuttugustu.





Teikning: Auguste Mayer.

Landshagir

Jóni var umhugað um að landsmenn gætu ávallt gengið að áreiðanlegum upplýsingum um málefni líðandi stundar og stöðu ýmissa málaflokka í þjóðarbúskapnum. Án þeirra væri vart hægt að ákveða hvaða stefnu ætti að taka í mikilvægum málum. Innan Hins íslenska bókmenntafélags beitti hann sér fyrir því að gefin voru út *Tíðindi um stjórnmálefni Íslands*, þar sem voru prentuð ýmis opinber tilmæli og einnig fyrir útgáfu á *Skýrslum um landshagi á Íslandi*. Þar með hófst regluleg útgáfa á hagskýrslum hér á landi og er óhætt að segja að hún hafi byrjað af krafti. Í skýrslunum var að finna manntöl, búnaðarskýrslur, skýrslur presta um gifta, fædda og dána, einnig verslunarskýrslur, verðlagsskrár, skýrslur um fjárhag landsins, embættismannatöl og svo mætti lengi telja. Sigurður Hansen, Arnljótur Ólafsson og fleiri unnu að skýrslunum sem voru gefnar út með styrk frá landsstjórninni. Skýrslurnar komu út í fimm þykkum bindum á árunum 1858–1875, alls ríflega 4.000 blaðsíður. Árið 1874 tók landsstjórnin við útgáfunni og birti skýrslurnar í *Stjórnartíðindum*.

Úr *Skýrslum um landshagi á Íslandi*. Þessar skýrslur hafa að geyma grunnupplýsingar um íslenskt þjóðfélag á nítjándu öld.

„sá sem ekki þekkir ásigkomulag landsins, eða sem vér köllum hagfræði þess, í öllum greinum sem glöggvast og nákvæmlegast, hann getur ekki með neinni greind talað um landsins gagn og nauðsynjar; hann veit ekkert, nema af ágizkun, hvort landinu fer fram eða aftur; hann getur ekki dæmt um neinar afleiðingar viðburðanna, sem snerta landsins hag, nema eptir ágizkun.“

Úr formála Jóns Sigurðssonar að *Skýrslum um landshagi á Íslandi* (1858).

„Þetta registur, sem eg hefi í höndum ... er sú bók sem eg hefi séð ljótasta og verst af hendi leysta hingaðtil, og eg má fullyrða, að engin bók hefir komið lakari á prent á Íslandi þegar á allt er litið ... Nöfn höfundanna standa hér ýmist fremst eða aptast, og stundum er þeim sleppt, þó nöfn þeirra standi á bókunum og sé til færð í enu eldra registri, en stundum eru þaug raung, og það nöfn frægra manna, sem allir mentaðir menn þekkja ... Á fjölda bóka er ártal annaðhvort rángt eða það vantar, og verður það hlæilegt, þegar víða sjást ártöl sem eru fyrri enn byrjað var að prenta bækur (einsog 1330), eða þá ártöl frá seinustu árum þessarar aldar, eða frá enum komandi öldum ... Sumar prentvillurnar eru svo fráleitar, og sýna svo mikið hiruðleysi, að þeirra þarf að geta, og er það t.a.m. eitt, að Katrín önnur í Rússlandi er hér kölluð Katrín en ellefta ... Þetta er bæði ófullkomið, illa niðurskipað, rángt og ruglingslegt, og svo er vitleysunni haugað saman hverri ofaná aðra, bæði í nöfnum, tölum og bókatitlum, að það verður ekki annað enn ein einasta afskræmisleg prentvilla ... þetta registur ætti að brenna upp, svo það verði engum til ásteytingar, nema mönnum þætti hæfa að geyma eitt af þeim í safninu sjálfu til sýnis handa eptirkomendunum.“

Jón Sigurðsson, „Registur yfir Íslands stiftisbókasafn. Videyar klaustri. Prentað á kostnað stiftisbókasafnsins 1842. 8.“ [Ritdómur] *Ný fêlagsrit* 4. ár, bls. 131-142.



Konunglega bókasafnið þar sem Jón var tíður gestur.

Bækur og bókasöfn

Jón Sigurðsson vann stóran hluta starfsævi sinnar innan bóka-, handrita- og skjalasafna, aðallega að útgáfu ýmissa fornrita og heimildasafna og öðru því tengdu. Allt fræðastarf hans og heimildautgáfa krafðist verulegrar þekkingar á uppbyggingu og forða bóka- og skjalasafna á Íslandi og í Danmörku enda var hann kröfuharður notandi og vissi hvernig ætti að standa að uppbyggingu þeirra og skráningu. Þessar kröfur koma skýrt fram í harðorðum ritdómi sem Jón skrifaði um skrá yfir bókaeign Stiftisbókasafnsins í Reykjavík sem kom út árið 1842. Í ritdóminum fann hann skránni allt til foráttu og skrifaði meðal annars: „Þetta registur, sem eg hefi í höndum ... er sú bók sem eg hefi séð ljótasta og verst af hendi leysta hingaðtil, og eg má fullyrða, að engin bók hefir komið lakari á prent á Íslandi þegar á allt er litið.“ Jón benti á að öll uppbygging og skráning væri illa unnin og jafnvel ætti að eyða öllu upplagi bókarinnar en halda einu eintaki eftir á bókasafninu til sýnis fyrir komandi kynslóðir.

Um gildi bókasafna

„Allir mentaðir menn og bókavinir finna það að vísu, eins á Íslandi og annarstaðar, hversu ómetanlegt gagn er að bókasöfnum. Enginn einstakur maður hefir efni á að útvega sér allar þær bækur sem hann þarf með, ef hann er vísindamaður, og þó fáeinir gæti það, þá er samt auðsætt, hversu miklu nýtsamara er og jafnvel sparnaðarmeira, að hafa bókasafn, sem margir geta haft not af. Engin þjóð er nú til í veröldinni, sem síðuð vill heita, að hún leggi ekki stund á að eiga góð bókasöfn, og enar bezt mentuðu þjóðir verja ærna peningum úr almennum sjóði til að auka og prýða söfn þessi sem mest, og kaupa til þeirra það sem ekki fæst með öðru móti.“

Jón Sigurðsson, „Registur yfir Íslands stiftisbókasafn. Videyar klaustri. Prentað á kostnað stiftisbókasafnsins 1842. 8.“ [Ritdómur] *Ný fêlagsrit* 4. ár, bls. 131.



Lengst til hægri er Hálmtorg nr. 68 þar sem Jón bjó 1841-1843.

„Vænt væri ef þú gætir spennt upp einhvern röksaman mann til að safna datis [staðreyndum] um höndlanina því það held ég sé eitthvert mest áriðandi landinu til viðreisnar að hún verði frjáls. Knudtz[on] sparar víst ekki að gjöra hvað hann getur til að svifta Ísland því ... allir vita að kaupverslun er líf hverrar þjóðar og verslunar-ófrælsi dauði.“


Úr bréfi Jóns til Páls Melsted 29. júní 1840.

Bréf Jóns Sigurðssonar. Úrval (Reykjavík, 1911), bls. 12.

STJÓRNMÁLASTARF

Fyrstu sporin

Þegar Jón Sigurðsson hafði dvalist nokkur ár í Kaupmannahöfn fór hann að hafa æ sterkari skoðanir á stjórnmálasamskiptum Íslendinga og Dana, sérstaklega í verslunarmálum. Þetta kemur skýrt fram í bréfum hans til vina sinna á árunum 1839–1840. Ekki leið á löngu þar til hann fór að beita sér á opinberum vettvangi í þessum efnum. Í júní 1840 blandaði hann sér í blaðadeilu um skipan Íslandsverslunarinnar með sinni fyrstu blaðagrein. Greinin var í þremur hlutum og birtist í dagblaðinu *Kjöbenhavnsposten* undir dulnefninu 8+1. Í henni færði Jón söguleg rök fyrir því að skipan verslunarmála væri óréttlát fyrir Íslendinga og að andúð þeirra á dönskum kaupmönnum væri fyrst og fremst fólgin í baráttu frjálsrar verslunar gegn einokun. Upp frá þessu fór Jón að láta meira að sér kveða á opinberum vettvangi um réttindi Íslands í löngum og ítarlegum blaðagreinum.





„Merkilegasta fréttin er samt að Kristján 8di gaf oss Íslendingum von um fulltrúaþing heima. – Nú er tíð til að vakna og bera sig að taka á móti eins og menn, ef menn vilja ekki leggja í dái til eilífðar!“

Úr bréfi Jóns til Páls Melsted 29. júní 1840.

Bréf Jóns Sigurðssonar. Úrval (Reykjavík, 1911), bls. 12.



Kristján VIII með Kansellíð í baksýn.

Endurreisn Alþingis

Vorið 1840 bárust fréttir af því að Kristján VIII Danakonungur hefði samþykkt að kanna grundvöll þess að setja á fót fulltrúaþing á Íslandi. Jón fagnaði þessum fréttum mjög og skrifaði ítarlega ritgerð um málið í fyrsta árgangi *Nýrra félagsrita* sem hann hleypti af stokkunum árið 1841. Ritgerðin bar titilinn „Um Alþing á Íslandi“ og telst hún vera fyrsta grundvallarritgerð hans um íslensk stjórnsmál. Málið var rætt í sérstakri embættismannanefnd og loks tekið fyrir á þingi í Hróarskeldu árið 1842. Jón Sigurðsson og fleiri Hafnar-Íslendingar töldu reyndar að fyrirhuguð skipan Alþingis væri ekki nægilega vel höguð eftir íslenskum aðstæðum og komu athugasemdum sínum á framfæri við konung. Töluvert var fjallað um málið á þinginu í Hróarskeldu en niðurstaða þess var sú að endurreisa ætti Alþingi á Íslandi og gaf konungur út tilskipun þess efnis í mars 1843. Tveimur árum síðar kom þingið saman í nýreistu húsi Lærða skólans í Reykjavík.



Lærði skólinn.

Þingmaðurinn Jón Sigurðsson

Kosningar til hins endurreista Alþingis fóru fram vorið 1844. Jón lét setja sig á kjörskrá í Ísa-fjarðarsýslu, enda uppfyllti hann kröfur um kjörgengi þar sem hann var orðinn þrítugur og átti jafnframt jarðnæði í sýslunni. Jón náði kjöri og var þingmaður Ísfrðinga alla tíð síðan. Alþingi var háð nokkrar vikur í senn annað hvert ár í húsi Lærða skólans í Reykjavík. Þegar titið er yfir þingstörf Jóns má glögg sjá hve virkur hann var sem þingmaður og óhræddur við að gagnrýna málatilbúnað af hendi stjórnvalda. Jón þótti einnig afbragðsgóður ræðumaður og leggja mál sitt skipulega fram og af mikilli rökvísi. Hann var lengst af forseti Alþingis og beitti sér fyrir bættum umbúnaði þess og var meðal annars hvatamaður að stofnun sérstaks bókasafns fyrir Alþingi.


„Eg vildi verða fyrstur til, að géta sagt yður, að þér væruð valinn til fulltrúa hérna í sýslu, og Magnús Einarsson til varaþingmanns.“ Úr bréfi frá Gísla Ívarssyni til Jóns Sigurðssonar, skrifað 3. júlí 1844 (Þjóðskjalasafn Íslands. E-10. 4).



Gjörðabók Alþingis 1845 (Skjalasafn Alþingis).



Hið íslenska Þjóðvinafélag var stofnað árið 1871. Markmið þess var að halda uppi landsréttindum Íslendinga, stuðla að samveldni þeirra og efla framfarir í öllum greinum. Jón Sigurðsson var forseti félagsins á árunum 1871–1879.



Ný félagsrit

Árið 1841 leit tímaritið *Ný félagsrit* dagsins ljós. Tímaritið var gefið út undir forystu Jóns Sigurðssonar og birti hann þar sínar helstu stjórnmálaritgerðir í rúm þrjátíu ár eða allt til ársins 1873 þegar tímaritið hætti útgáfu og *Andvari* tók við hlutverki þess. *Ný félagsrit* höfðu þýðingarmiklu hlutverki að gegna við að kynna Íslendingum röksemdir Jóns um réttarstöðu Íslands og þar komu fram helstu rök sem voru leiðarljós í sjálfstæðisbaráttunni um nokkurra áratuga skeið. Útgáfa tímaritsins var nokkuð erfið um tíma, bæði vegna kostnaðar og lakra samgangna á Íslandi. Mörg dæmi voru um að tímaritið bærst seint til áskrifenda og í slæmu ástandi eftir langa flutninga frá Kaupmannahöfn þar sem það var prentað. Upphaflega kom það út í 1.000 eintökum en strax þremur árum síðar var sú tala komin niður í 600 en fór upp í 800 eintök nokkrum árum seinna. Forstöðunefnd tímaritsins lét þó ekki deigan síga og hélt útgáfunni áfram nánast óslitið í rúm þrjátíu ár.



„Félagsritin eru ekki búin, en þau koma þegar þau koma og verða hvergi lin á hjarninu. Þú munt signa þig bróðir minn! Aðrir munu reiðast, þriðju bölvla og fjórðu hlæja – enginn mun verða neutral, og þá væri ég bættur, ef svo væri, því að ef nokkuð hrærdist í lygnunni heima, þá væri nokkurs von, að ekki fúlnaði allt í sundur.“

Jón Sigurðsson í bréfi til Páls Melsted, 30. apríl 1842.

Bréf Jóns Sigurðssonar. Úrval (Reykjavík, 1911), bls. 47.



Rit þess íslenska lærðóms-lista félags kom út á árunum 1781–1798. Það hafði að geyma fjölda greina um ýmis hagnýt efni sem áttu að koma íslenski alþýðu að gagni. Í daglegu tali var yfirleitt rætt um það sem „gömlu félagsritin“. Jón Sigurðsson hafði þetta tímarit í huga þegar hann setti tímarit sitt á stofn, og nefndi það því *Ný félagsrit*.



Upphaf ritgerðarinnar „Hugvekja til Íslendinga“.



Kristjánborgarhöll.

Kröfumál

Meginhugmyndir Jóns Sigurðssonar um samband Íslands og Danmerkur komu fram í ritgerð hans, „Hugvekja til Íslendinga“, sem birtist í *Nýjum félagsritum* árið 1848. Í ritgerðinni færði hann rök fyrir því að Íslendingar ættu að fá aukna innlenda sjálfsstjórn og þar á meðal innlent löggjafarþing. Hann taldi að með *Gamla sáttmála* hefðu Íslendingar gengið Noregskonungi og síðar Danakonungi á hönd. Íslendingar ættu því í raun að vera óbundnir af ákvörðunum danska þingsins og gætu farið fram á aukna sjálfsstjórn undir Danakonungi í stað þess að vera eins og hvert annað hérað í danska konungsveldinu. Önnur meginhugmynd Jóns fólst í fjárhagslegri stöðu Íslands gagnvart Danmörku en hann taldi að Íslendingar ættu skuldakröfu á hendur Dönum, meðal annars vegna hagnaðar þeirra af einokunarversluninni í gegnum aldirnar. Jón áleit að Ísland væri því ekki fjárhagslegur baggi á Dönum, heldur hefðu Danir þvert á móti auðgast á sambandi þjóðanna í áranna rás. Jón skrifaði ítarlega ritgerð um þessi efni í *Ný félagsrit* árið 1862. Þessar kröfur Jóns voru áberandi í stjórn málaumræðu Íslendinga fram eftir níttjándu öld.

Árið 1874 staðfesti Kristján IX Danakonungur sérstaka stjórnarskrá fyrir Ísland sem var þó umdeild á Íslandi, því hún þótti taka fremur stutt spor í átt til sjálfstjórnar. Engu að síður markaði hún ákveðinn áfangasigur í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar sem náði helstu markmiðum sínum með heimastjórninni 1904, fullveldi 1918 og loks stofnun lýðveldis árið 1944. Lýðveldisstofnunin fór fram á fæðingardegri Jóns Sigurðssonar þann 17. júní, sem er þjóðhátíðardagur Íslendinga. Þannig er sjálfstæði Íslands bundið nafni Jóns órjúfanlegum böndum.



Ljósmynd: Sigfús Eymundsson/Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

HANDRIT

Handritasafn Jóns Sigurðssonar

Handritasafn Jóns Sigurðssonar er stórt að vöxtum, telur alls um 1300 handrit sem hann safnaði af mikilli eljusemi ævina á enda. Alla tíð var hann á höttunum eftir handritum og lagði sig fram við að finna handrit sem honum þóttu áhugaverð á einn eða annan hátt. Hann var í sambandi við menn víða um land sem hjálpuðu honum að finna handrit ásamt því að margir sendu honum handrit óumbeðið. Alþingi keypti handrita- og bókasafn Jóns Sigurðssonar árið 1877 og var safnið afhent Landsbókasafni Íslands að Jóni látnum, en hann lést 7. desember 1879. Safnið var flutt í Alþingishúsið árið 1881 þar sem Landsbókasafnið var til húsa á þeim tíma.





Lífýlgd Jóns og Ingibjargar í Aðalstræti vorið 1880.

Ómetanlegur fjársjóður

Í handritasafni Jóns Sigurðssonar kennir margra grasa, lítil, stór, falleg, ljót, skrítn, skemmtileg, ómetanleg og einstök handrit fylla alls um 100 hillumetra í geymslum handritasafns Landsbókasafns Íslands. Þar er að finna handrit um hin margvíslegustu efni, lækningar, lögfræði, rúnir, sagnfræði, kvæði, sálma, landafræði. Hvert handrit er ómetanlegt á sinn hátt og hefur alúð Jóns Sigurðssonar við að safna að sér öllu því íslensku efni, sem hann mögulega gat komið höndum á, reynst ómetanleg fyrir íslensku þjóðina, bæði í fortíð, nútíð og framtíð. Án þess er ekki víst að öll þau handrit sem við höfum aðgang að í dag væru til, því alls er óvíst hvort þau hefðu skilað sér inn á safn með sama hætti og gerðist með safn Jóns Sigurðssonar.



HEIMILDASKRÁ

Óprentaðar heimildir

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn: Handritasafn

Lbs 526 fol. Samtíningur úr dánarbúi Ingibjargar Jensdóttur.

Lbs 595 4to. Bréf frá Sveinbirni Egilssyni til Jóns Sigurðssonar.

Lbs 2364 I 4to. Sighvatur Grímsson Borgfirðingur. Prestaæfir.

Lbs 2395 4to. Bréfasafn Benedikts Gröndal og Ingigerðar Gröndal.

Lbs 2591 4to. Bréf frá Jóni Sigurðssyni til ýmissa viðtakenda.

Lbs 2789 4to. Bréfasafn Gísla Hjálmarssonar.

Lbs 2184 4to. Bréfasafn Eiríks Magnússonar.

Þjóðskjalasafn Íslands

E.10. Einkaskjalasafn Jóns Sigurðssonar.

Prentaðar heimildir

Björn M. Ólsen, „Jón Sigurðsson og Bókmentafjelagið.“ *Skírnir* 85 (1911), bls. 234–259.

Bréf Jóns Sigurðssonar. Nýtt safn (Reykjavík, 1933).

Bréf til Jóns Sigurðssonar. Úrval I-III (Reykjavík, 1980–1991).

Einar Laxness, *Jón Sigurðsson forseti. 1811–1879* (Reykjavík, 1979).

Eiríkur Briem, „Yfirlit yfir ævi Jóns Sigurðssonar.“ *Andvari* 6 (1880), bls. 1–43.

Finnur Jónsson, „Vísindastörf Jóns Sigurðssonar.“ *Skírnir* 85 (1911), bls. 153–184.

Guðjón Friðriksson, *Jón Sigurðsson. Ævisaga I-II* (Reykjavík, 2002–2003).

- Helgi Þorláksson, „Sagnfræði um Íslandssögu 1300–1550.“ *Saga* 38 (2000), bls. 59–81.
- Jón Þorkelsson, „Um vísindalega starfsemi Jóns Sigurðssonar og forstöðu hans fyrir hinu íslenska Bókmenntafélagi.“ *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags* 3 (1882), bls. 1–30.
- Lúðvík Kristjánsson, *Á slóðum Jóns Sigurðssonar* (Hafnarfjörður, 1961).
- Minningarrit aldarafmælis Jóns Sigurðssonar 1811–1911*. [Bréf Jóns Sigurðssonar. Úrval] (Reykjavík, 1911).
- Páll Eggert Ólason, *Jón Sigurðsson* I–V (Reykjavík, 1929–1933).
- Páll Eggert Ólason, *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins* I–III (Reykjavík, 1918–1937).
- Valtýr Stefánsson, „Gamlar myndir og minningar. Frú Ingibjörg Jensdóttir segir frá.“ *Lesbók Morgunblaðsins* 24. desember 1940, bls. 414–422.

ENGLISH SUMMARY

Jón Sigurðsson


A LIFE'S WORK

Exhibition to mark the bicentenary of the birth of Jón Sigurðsson held by the National and University Library of Iceland in collaboration with the Jón Sigurðsson Birthday Committee, and with contributions from the National Archives, National Museum, Árni Magnússon Institute for Icelandic Studies and the Alþingi Archive.

PRIVATE LIFE

Jón Sigurðsson was born in 1811 at Hrafnseyri in Arnarfjörður in the West Fjords, where he lived until 1829. During his early years, Jón was acquainted with people at Hrafnseyri who were known for their erudition and enquiring minds; they also possessed old Icelandic manuscripts which had been passed down through the generations. This early experience of an atmosphere of eagerness to learn, and acquaintance with historic manuscripts, no doubt kindled Jón's interest in Icelandic studies, which he would pursue for the rest of his life.


In the spring of 1829 Jón left home for Reykjavík, where he took his matriculation examinations for entrance to university in Denmark. He then worked in the P. C. Knudtzon store in Reykjavík. A year later he was engaged as secretary to Steingrímur Jónsson, Bishop of Iceland, who owned one of Iceland's most extensive libraries of books and manuscripts. Jón had free access to these, and also learned much from the bishop, who was one of the most learned Icelanders of his time.



In 1833 Jón Sigurðsson sailed to Copenhagen, where he studied linguistics and history. But before long he was busy with a variety of scholarly tasks, such as making copies of manuscripts, and for that reason he never completed his degree.

In 1845 Jón married Ingibjörg Einarsdóttir. They settled in Copenhagen, where they lived for the rest of their lives. The couple were close, and ready to assist their fellow-countrymen in many ways. Visitors were frequent in their home, and they held dinners and receptions. In 1859 Jón and Ingibjörg took in Jón's eight-year-old nephew Sigurður, the son of his sister Margrét and her husband Jón Jónsson, a ship's captain. They raised him as their son.

About eight thousand letters connected to Jón Sigurðsson are extant. These include just over 1,300 letters and drafts written by Jón, and more than 6,700 letters he received from friends, relatives and others. The letters contain a wealth of information about Jón Sigurðsson the man, the scholar and the statesman. People often wrote to Jón to ask for various favours and assistance.



Tveir stúdentar á fjórða áratug 19. aldar. Mynd: Viggo Mortensen.

SCHOLARLY WORK

In 1835 Jón was appointed a Fellow at Den Arnamagneanske samling (the Árni Magnússon manuscript collection) in Copenhagen. Den Arnamagnænske Kommission (the Árni Magnússon Commission) deemed him the best-qualified applicant, as he had acquired extensive knowledge of documents and manuscripts when he was secretary to



Vesturport. Mynd. N. P. Frístrup.

the Bishop of Iceland. The Commission also judged that Jón was very accurate and conscientious, and wrote a fine and clear hand – which was an important factor, as the work involved copying manuscripts and documents in the collection. Jón performed his work in an exemplary fashion, and was paid bonuses for his diligence, keenness and hard work. In 1848 Jón was elected secretary of the Árni Magnússon Commission, a position he retained for the rest of his life. Jón compiled a detailed catalogue of the manuscripts in the collection, produced editions of Icelandic annals and the Prose Edda of Snorri Sturluson, made copies and comparative studies of historical manuscripts, prepared an annual report on the Commission's work, supervised the work of Fellows, etc.

In the summer of 1841 Jón Sigurðsson went to Uppsala and Stockholm in Sweden with theology student Ólafur Pálsson, on behalf of the Árni Magnússon manuscript collection and Det kongelige Nordiske Oldskriftselskab (the Royal Society of Northern Antiquaries). They were to study and catalogue Icelandic manuscripts in collections in the two cities. They spent three very fruitful months in Sweden: they found a large number of previously-unknown Icelandic manuscripts, made copies of important ones, and Jón catalogued them in detail.

In 1851 Jón was elected chair of Hið íslenska bókmenntafélag (the Icelandic Literary Society). Founded in 1816, the society has published books and periodicals about Iceland and its history and culture. During his time as chair of the society, Jón was an energetic leader: the society acquired an extensive collection of Icelandic manuscripts, and published a large number of books on diverse subjects. The vigorous activities of the society at that

time led to an explosion in membership, from 160 in 1841 to 794 in 1877.

In Jón Sigurðsson's day it was not unusual for Icelanders to own old manuscripts of various kinds: copies of old poems and verses, whole manuscripts of sagas, genealogical records and diverse interesting information. Jón felt it was vital to preserve these manuscripts, which were at risk of being lost for ever, and thus he started to accumulate his own personal collection. This eventually comprised over 1,300 manuscripts, which are now preserved in the National Library and University of Iceland.

On Jón's initiative, publication began of legal documents relating to Iceland, under the title *Lövsamling for Island* (Legal Code for Iceland). Twenty-one volumes were published between 1851 and 1889. Never before had legislation, directives and other legal instruments of different periods been collected together to throw light on Icelandic judicial and political history in the period 1096 to 1874. The project thus met an urgent demand and need for access to such information.



Þjóðfundurinn 1851. Málverk : Gunnlaugur Blöndal.

POLITICAL ACTIVITIES

When Jón Sigurðsson had been living in Copenhagen for some years, he developed increasingly strong views on the political relationship between the Icelanders and the Danes, who had ruled Iceland since the fourteenth century. These opinions were clearly expressed in letters to friends in 1839-40, and before long Jón began to make his voice heard in the political arena. In 1840 he wrote his first article in the press, on the subject of the Iceland trade (controlled by Danish merchants and authorities). He propounded a historical argument that the form of the Iceland trade was unfair, and that the Icelanders' hostility to Danish merchants was essentially an expression of their desire for free trade instead of the existing restrictive system. From this point onwards, Jón Sigurðsson emerged as a leading advocate for the rights of the Icelanders, in long and closely-argued articles in the press.

In 1841 *Ný félagsrit* (The New Social Journal) was launched by Jón Sigurðsson. Here he published his principal political polemics for over three decades, until 1873 when publication ceased and a new political journal, *Andvari*, took its place. The New Social Journal played a vital role as a vehicle for Jón to present his political arguments to his fellow-countrymen. On the pages of the New Social Journal Jón put forward ideas and arguments that would form the ideological basis of the Icelandic campaign for self-determination for many decades.

The ancient Icelandic Alþingi (parliament), founded around 930 AD after the settlement of the country, had gradually declined over centuries of foreign rule, before being abolished in 1800. In 1845 a new Alþingi was established, initially only with advisory powers to the King of Denmark, who was an absolute monarch. Jón Sigurðsson was elected to Alþingi, and retained his seat for the rest of his life. Initially the parliament assembled only for one month on alternate summers. Jón continued to live in Copenhagen, and travelled home to Iceland to attend parliament. Jón was active in parliament, and never shrank from criticising the Danish authorities. He was an outstanding orator, who presented issues and ideas to his fellow-parliamentarians in a logical and cogent manner. For most of his time in parliament he was president (speaker) of the house.

Jón put forward his principal ideas on the relationship between Iceland and Denmark in his essay „Hugvekja til Íslendinga“ (A Call to Icelanders), published in the New Social Journal in 1848. He argued that the Icelanders were entitled to greater autonomy, including an Icelandic parliament. The Danish king had resigned his absolute powers; the Icelanders, Jón claimed, had been subject only to the king, and not to the Danish state. Hence the Icelanders, like the Danes, were now entitled to parliamentary government, and Iceland should not be treated simply as one administrative region of the Danish realm. Jón also came up with a revolutionary idea that the Danes actually owed Iceland large sums, due to profits accrued over centuries of colonial rule. Prior to this time it had been taken for granted that Iceland was a financial burden on the Danish state, but now Jón demonstrated that the boot was on the other foot, and that the Icelanders could unashamedly demand what was theirs.

In 1851 a constitutional assembly or National Convention was held, for consultation on the legal status of Iceland. The Danish authorities submitted a proposal on the status of Iceland within the Danish realm which was completely unacceptable to the Icelanders, who were influenced by Jón Sigurðsson's ideas that government should be transferred to Iceland – legislative, judicial and executive powers – and that Iceland should be fiscally separate from Denmark. The Danish bill was referred to a committee, which reached the conclusion that it should be rejected, and that a new bill should be proposed for a constitution for Iceland, with the emphasis on self-determination in accord with Jón Sigurðsson's arguments. The royal representative then unceremoniously dismissed the Convention, to vociferous protests led by Jón Sigurðsson.





Konungskoman 1874. Mynd úr *Illustreret Tidende*.

In 1874 King Christian IX of Denmark and Iceland signed a separate constitution for Iceland. It was controversial in Iceland, as it entailed only a small step towards self-determination. But it marked the first stage of the nation's progress towards autonomy: Home Rule in 1904, sovereign status in 1918, and finally the foundation of the Republic of Iceland in 1944. The legacy of Jón Sigurðsson was honoured by founding the Republic on his birthday, 17 June, which is now Iceland's National Day. Thus the name and memory of Jón Sigurðsson are enshrined in Iceland's status as an independent nation.

